

## Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

LSS150224

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 28. mars 2011, og viðauka við grunnlýsingu, dagsettur 30. ágúst 2011, skv. IV. og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu, viðauka við grunnlýsingu og endanlegum skilmálum. Grunnlýsingu útgefanda, og viðauka má nálgast á starfsstöð útgefanda og á heimasíðu hans, sem er: [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is)

<b>Útgefandi</b>	Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.
<b>Ábyrgð útgefanda</b>	Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétt háar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda
<b>Auðkenni</b>	LSS150224.
<b>ISIN númer</b>	IS0000018869.
<b>Tilgreind mynt</b>	ISK.
<b>Nafnverð</b>	ISK 255.000.000.
<b>Áður útgefið og selt</b>	ISK 26.684.000.000.
<b>Stærð flokks skv. núgildandi heimild</b>	ISK 40.000.000.000 að nafnvirði.
<b>Dagaregla</b>	30E/360.
<b>Nafnverðseiningar</b>	ISK 1.
<b>Útgáfudagur</b>	4. október 2011.
<b>Fyrsti vaxtadagur</b>	29. október 2008.
<b>Tegund bréfs</b>	Verðtryggt jafngreiðslubréf.
<b>Vextir</b>	3,75% fastir verðtryggðir ársvextir.
<b>Tíðni afborganna og vaxta</b>	Tvisvar á ári, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.
<b>Fyrsta greiðsla</b>	15. febrúar 2009.
<b>Fjöldi vaxtagreiðslna og afborgana</b>	31.
<b>Lokagjalddagi</b>	15. febrúar 2024.
<b>Verðtrygging og grunnvísitala</b>	Skuldabréf þetta er bundið vísitölu neysliverðs til verðtryggingar (VNV). Grunnvísitala bréfanna er 312,8 (VNV október 2008).

<b>Ávöxtun á söludegi</b>	Ávöxtunarkrafa dags. 30. september 2011 er 3,56% og sölugengi 105,289019.
<b>Útreikningur ávöxtunar</b>	Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins sé jafnt söluverðinu.
<b>Taka til viðskipta</b>	Sótt hefur verið um að skuldabréf að fjárhæð ISK 255.000.000 að nafnvirði verði tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. þann 5. október 2011.
<b>Uppgreiðsluheimild</b>	Engin uppgreiðsluheimild er á skuldabréfunum.
<b>Víkjandi ákvæði</b>	Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum.
<b>Hlunnindi</b>	Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum.
<b>Verðbréfamíðstöð</b>	Verðbréfaskráning Íslands hf., Laugavegi 182, Reykjavík.

Skuldabréf í flokknum verða seld til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu 5. október 2011. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölunnar er Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Lánasjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur 0,5% af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald vegna skráningar skuldabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands sem nemur 0,002% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga ISK 115.000 fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu gjaldi sem nemur 0,001% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK 1.455.490.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK 268.486.998. Að fráreginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu og annars kostnaðar er nettósöluandvirði útgáfunnar ISK 267.031.509.

#### Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 3. október 2011:

---

sem hefur til þess fullt umboð